



Háskóla, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025

Umsögn Rafiðnaðarsambands Íslands, Samiðn -samband iðnfélaga, Matvís og VM - félag vélstjóra og málmþæknimanna (hér eftir, öll saman, nefnd Fagfélögin) er eftirfarandi:

Í þeirri þingsályktunartillögu sem nú liggur fyrir Alþingi er meðal annars lagt til að núverandi fyrirkomulag á lögverndun iðngreina verði tekið til gagnarrar endurskoðunar og lögverndun afnumin fyrir þær greinar sem ekki er talin þörf á að njóti löggildingar áfram. Slíkar aðgerðir lúta að iðngreinum sem fjallað er um í lögum um handiðnað nr. 42/1978 og reglugerð nr. 940/1999 um löggiltar iðngreinar sem eru undirstöðugreinar í iðnaði. Þær ástæður sem tiltekna eru í þingsályktuninni fyrir afnámi löggildinga iðngreina og forgangsröðunar í þá veru eru einkum þær að lögverndun starfa feli í sér aðgangshindranir sem séu almennt til þess fallnar að draga úr samkeppni og hækka verð til neytenda. Þá kemur þar fram að það verði forgangsraðað í þágu þeirra iðngreina sem sé mikilvægt að lögvernda í þeim tilgangi að auka neytendavernd, öryggi og heilsu. Jafnframt er vísað til þess að ekki sé hægt að rökstyðja löggildingu ákveðinna iðngreina lengur þar sem þær hafi ekki verið kenndar hételendis í fjölda ára. Þessu til stuðnings er bent á skýrslu OECD um samkeppnismat á regluverki byggingariðnaðar og ferðaþjónustu frá 2020 þar sem fram kemur að lögverndun iðngreina sé samkeppnishamlandi.

Fagfélögin hafa nú þegar mótmælt tillögum stjórnvalda um afnám löggildinga iðngreina með umsögn til háskóla -iðnaðar og nýsköpunarráðuneytisins dags. 29. ágúst 2022 sem varðaði drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 940/1999 um löggiltar iðngreinar. Þar eru færð fram ítarleg rök gegn afnámi löggildinga. Eitt af því sem þar er nefnt er að lögverndun iðngreina stuðlar að vernd neytenda. Sá sem selur þjónustu er gjarnan í yfirburðastöðu gagnvart kaupanda og hann á oft erfitt með að taka upplýsta ákvörðun um kaup á þjónustu fyrirfram. Þannig myndast gjarnan upplýsingaójafnvægi milli seljanda og kaupanda þar sem seljandi hefur sérfræðiþekkingu á þjónustunni og kaupandi getur ekki áttað sig á gæðum án utanaðkomandi ráðgjafar. Þetta á oftast en ekki við um ýmsa þjónustu iðnaðarmanna þar sem um er að ræða kaup á ósæðri þjónustu og þegar gæði verks verða ekki metin fyrr en því er lokið. Þá má nefna sjónarmið sem lúta að almannaoöryggi, lífi og heilsu fólks eru ríkjandi fyrir starfsgreinar sem tengjast meðal annars mannvirkjamálum. Mikilvægt er að tryggja að þeir sem vinna störf á þessu sviði séu hæfir til að sinna þeim og hafi lokið viðeigandi námi sem viðurkennt sé af yfirvöldum. Rök fyrir lögverndun starfa geta verið hagsmunir samfélagsins alls af tilteknum starfsgreinum eins og t.d. á við um störf lögmannna og endurskoðenda. Þetta á einnig við um störf í mannvirkja- og byggingaiðnaði þar sem lögverndun er ætlað að tryggja gæði,



fagmennsku og öryggi eins og t.d. í smíðum, rafvirkjun, pípulagningum, hönnun og verkfræði.

Hraðar tæknibreytingar í samfélaginu, oft kenndar við 4. iðnbyltinguna, munu hafa mikil áhrif á líf fólks og störf næstu áratugina. Í samræmi við það hafa stjórnvöld lagt aukna áherslu á nýsköpun og tækniþróun í atvinnulífinu sem á sér m.a. stoð í stefnu núverandi ríkisstjórnar um nýsköpun fram til ársins 2030¹. Líta þarf til þess hve margir raunverulega starfa í ákveðnum iðngreinum en ekki einungis til fjölda sveinsprófa. Færa má rök fyrir því að afnám löggildinga á þessum forsendum dragi jafnframt úr hvata til nýsköpunar í atvinnulífinu. Því má halda fram að afnám löggildinga iðngreina sé andstæð áherslum stjórnvalda um mikilvægi iðnnáms og því markmiði að efla iðnnám og fjölga nemendum í iðngreinum. Svo virðist sem stefna stjórnvalda um að auka veg iðnnáms sé í andstöðu við tillögur háskóla- iðnaðar og nýsköpunarráðherra nú. Í þessu sambandi má jafnframt benda á að hvati til að sækja sér iðnmenntun er mun minni ef engin aukin lögvernduð réttindi fást að námi loknu. Röksemdir um að löggilding starfsgreina feli í sér aðgangshindranir byggja á veikum grunni þar sem hægt er að halda því fram að allt nám, ekki einungis iðnnám, feli í sér aðgangshindranir fyrir aðila sem vilja starfa í ákveðnum greinum.

Hvað varðar mikilvægi löggildinga iðngreina vísast að öðru leyti til þess sem fram kemur í umsögn Samtaka iðnaðarins um þingsályktunina, dags. 8. mars 2023. Þar kemur fram að Ekkert bendi til að lögverndun iðngreina hafi neikvæð áhrif á fjárfestingu í nýsköpun og hugverkaiðnaði eins og haldið er fram í þingsályktuninni. Þá sé það rangt sem fram komi í þingsályktuninni að lögverndun hamli nauðsynlegri þróun og framþróun í iðnaði þvert á móti sé lögverndun iðngreina til þess fallinn að tryggja öryggi og gæði vöru og þjónustu til hagsbóta fyrir neytendur. Þá kemur fram að ráðherra hafi nú þegar hrundið af stað þeirri forgangsröðun um lögverndun iðngreina með breytingum á reglugerð um löggiltar iðngreinar sbr. reglugerð nr. 1629/2022 þar sem að löggilding ákveðinna iðngreina var lögð niður eða þær felldar undir yfirheiti annara iðngreina. Þannig hafi stjórnvöld nú þegar framkvæmt þá aðgerð að forgangsráða lögverndun iðngreina og því sé óþarfi að leggja slíkt til í þingsályktuninni. Fagfélögin taka heilshugar undir þessi sjónarmið.

Að lokum telja Fagfélögin að markmið endurskoðunar á fyrirkomulagi löggildinga iðngreina eigi ávallt að vera að auka veg iðngreina og tryggja réttindi þeirra sem vilja starfa við iðngreinar hér á landi.

Virðingarfyllst, f.h. Fagfélaganna

Elsa María Rögnvaldsdóttir
Lögfræðingur

¹ [Nýsköpunarlandið Ísland: Nýsköpunarstefna fyrir Ísland](#)

